

Nýsköpun & neytendur
Innovation & Consumers

Vinnsla, virðisaukning & eldi
Value Chain, Processing
& Aquaculture

Mælingar & miðlun
Analysis & Consulting

Líftækni & lífefni
Biotechnology & Biomolecules

Öryggi, umhverfi & erfðir
Food Safety, Environment
& Genetics



Fjölbreytileiki örvera á Íslandsmiðum

Eyjólfur Reynisson
Sveinn H. Magnússon
Eyjólfur Reynisson
Árni Rafn Rúnarsson
Kristinn Guðmundsson
Erla Björk Örnólfssdóttir
Viggó Þór Marteinsson

Öryggi, umhverfi og erfðir

Skýrsla Matís 47-11
Desember 2011

ISSN 1670-7192

Report closed until 01.01.2014

Fjölbreytileiki örvera á Íslandsmiðum / Microbial diversity in the Icelandic fishing grounds

Verkefnasjóður Sjávarútvegsins

30. desember 2011

Höfundar:
Eyjólfur Reynisson¹
Sveinn Haukur Magnússon¹
Árni Rafn Rúnarsson¹
Kristinn Guðmundsson²
Erla Björk Örnólfssdóttir³
Viggó Þór Marteinsson¹

¹ Matís ohf

² Hafrannsóknarstofnunin

³ Vör, Sjávarrannsóknarsetrið við Breiðafjörð



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN



Report summary

<i>Titill / Title</i>	Fjölbreytileiki örvera á Íslandsmiðum / Microbial diversity in the Icelandic fishing grounds				
<i>Höfundar / Authors</i>	Eyjólfur Reynisson, Sveinn Haukur Magnússon, Árni Rafn Rúnarsson, Kristinn Guðmundsson, Erla Björk Örnólfssdóttir, Viggó Þór Marteinsson				
<i>Skýrsla / Report no.</i>	47-11	<i>Útgáfudagur / Date:</i>	Desember 2011		
<i>Verknr. / project no.</i>	6019 - 1987	Skýrsla lokuð til 01.01.2014			
<i>Styrktaraðilar / funding:</i>	Verkefnasjóður sjávarútvegsins				
<i>Ágrip á íslensku:</i>	<p>Fjölbreytileiki örvera í hafinu umhverfis Ísland er að mestu óþekktur en litlar sem engar rannsóknir hafa farið fram til þessa. Í þessari rannsókn var sjósýnum umhverfis landið safnað til greiningar á þéttni örvera með örverugreini (flow cytometry) og á fjölbreytileika þeirra með sameindalíffræðilegum aðferðum. Alls var 504 sjósýnum safnað; 483 sýnum úr voralli Hafrannsóknarstofnunar, 16 sýnum úr Breiðfirði og 5 sýnum var safnað norður af Vestfjörðum með sérútbúnum sýnatökubúnaði fyrir botnvörpu. Úr vorallinu voru valin sýni rannsókuð frekar þau komu af Selvogsbanka, Sigrunesi og Langanesi ásamt sitt hvoru sýninu vestan af Látrabjargi og af Hornbanka. Örverupéttni var mest út af Selvogsbanka þar sem heildartalning var rétt um 1.6 milljón frumur/mL af sjó. Reiknað meðaltal allra sýna var hinsvegar 0.68 milljón frumur/mL. Tegundasamsetning örveruflórunnar var ákvörðuð með mögnun og raðgreiningu á 16S geni baktería. Alls voru 528 raðir raðgreindar sem sýndu 174 ólíkar 16S bakteríuraðir í sýnum og reyndust 52% þeirra tilheyra áður óþekkum bakteríutegundum. Fjölbreytileiki örveruflórunnar var almennt mikill að undanskildu sýni úr hali togara. Átta fylkingar baktería greindust í sýnum í mismiklum mæli. <i>Cyanobacteria</i> og <i>Cyanobacteria</i>-líkar raðir voru ríkjandi í öllum sýnum fyrir utan sýni 353-0m á Selvogsbanka þar sem hlutfall þeirra var einungis 4%. Þar voru Alpha og Gamma-proteobacteria ríkjandi. Af öðrum fylkingum greindust <i>Flavobacteria</i> reglulega ásamt öðrum hópum í minna hlutfalli.</p> <p>Munur á örverusamsetningu sjósýna var metinn með höfuðþáttagreiningu á fingrafari örverusamfélaga sem var fengin með t-RFLP tækni. Heilt yfir var meginmunur á sýnum úr hverri sýnalotu þ.e. úr voralli, Breiðfirði og hali togara. Breytileikinn innan sýna úr vorallinu hélst í hendur við sýnatökustað þar sem sýni af Selvogsbankanum sýndu meiri innbyrðis líkindi samanborið við sýnin norðan af Siglufirði og vestan af Íslandi sem voru ólíkari innbyrðis. Úr gögnum fingrafara örverusamfélaga í mismunandi sýnum mátti sjá fylgni á milli ákveðinna breyta í fingrafari samfélagana með umhverfispáttum sem mældir voru við sýnaöflunina. Hitastig hafði þar mest að segja en einnig flúrljómun og selta. Skimað var fyrir <i>Vibrio. Paramaemolyticus</i> í sjósýnum úr hlýjum sjó sunnan af landinu þar sem yfirborðshit sjávar var milli 8-10°C. Enginn <i>V. parahaemolyticus</i> greindist í þessum sýnum.</p> <p>Niðurstöður þessara verkefnis má líta á sem mikilvægan grunn til frekari rannsókna á örverum á Íslandsmiðum. Áframhaldandi rannsóknir á þessu svíði geta haft mikla þýðingu til lengri tíma liðið til að meta áhrif fyrirsjáanlegra umhverfisbreytinga vegna hlýnunar jarðar á lífríki sjávar og nytjastofna á Íslandsmiðum.</p>				

Report summary

<i>Lykilorð á íslensku:</i>	<i>Sjávarörverur, fjölbreytileiki, Norður Atlantshaf, hlýnun sjávar</i>
<i>Summary in English:</i>	<p>The diversity of microorganisms in the ocean around Iceland is largely unknown and little or no research has been conducted to date. In this study, seawater samples around the country were gathered for analysis concentration and diversity of microorganisms using flow-cytometry and molecular methods. A total of 504 samples were collected. All samples were analysed with regards to microbial counts while samples from selected areas were investigated further, from Selvogsbanki, Siglunes and Langanes.</p> <p>Microbial concentrations were highest at Selvogsbanki, where the total counts were around 1.6 million cells/ml. Arithmetic mean of all samples was 0.68 million cells/ml. Species composition of microbial flora was determined by amplification and sequencing of the 16S bacterial gene. A total of 528 16S sequences were sequenced, and showed 174 different bacterial sequences. 52% of the sequences belonged to previously unknown bacterial species. Eight divisions of bacteria were detected in the samples. Cyanobacteria and cyanobacteria-like sequences were predominant in all samples except sample 353-0m in Selvogsbanki where the ratio was only 4% and alpha and gamma-proteobacteria were predominant. Of other ranks identified, Flavobacterium were regularly detected along with other less frequent groups.</p> <p>The difference in microbial composition in the sea samples was assessed by principal component analysis of the microbial community fingerprint obtained by t-RFLP technique. Variability within the samples was dependent upon sampling point, samples from Selvogsbanki showed more correlation with other samples from that area - than with samples from Siglunes or the west coast of Iceland that showed more intrinsic diversity. The community fingerprint and changes in the fingerprint shows correlation to changes in environmental factors measured at sampling. Temperature was the most important environmental factor, along with fluorescence and salinity. Samples from the warmer waters off the south coast were screened for <i>Vibrio parahaemolyticus</i>, but none was detected.</p> <p>The results of this project can be seen as an important basis for further studies of microorganisms in Icelandic waters. Continued research in this area can be of great importance for the evaluation environmental change and the effects of global warming on the marine environment and exploitable marine species in Icelandic waters.</p>
<i>English keywords:</i>	<i>Microorganisms, N. Atlantic ocean, diversity, global warming</i>

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	1
1.1.	Kolefnishringur og örverur	1
1.2.	Sjávarörverurannsóknir við Ísland	3
1.3.	Nýjar rannsóknir	4
1.4.	Klónagreining – 16S rRNA.....	5
1.5.	Flæðisjá (<i>Flow Cytometry</i>)	6
2.	Efni og aðferðir	7
2.1.	Sýnatökur.....	7
2.2.	Sýnaundirbúningur og DNA einangrun.....	8
2.3.	Frumatalningar.....	9
2.4.	Skimun fyrir <i>V. parahaemolyticus</i>	9
2.5.	Fingrafar örverusamfélaga (t-RFLP).....	10
2.6.	Tölfraðeigreining t-RFLP gagna	10
2.7.	Klónagreining.....	10
3.	Niðurstöður og umræður	11
3.1.	Frumatalningar.....	11
3.1.1	Íslands mið.....	11
3.1.2.	Breiðafjörður	15
3.2.	Skimun fyrir <i>V. paramaemolyticus</i>	17
3.3.	Fingrafar örverusamfélaga (t-RFLP).....	18
3.4.	Höfuðþátttagreining (PCA) til samanburðar á bakteríusamsetningu	20
3.4.1.	Öll sýni	20
3.4.2.	Íslands mið.....	21
3.4.3.	Breiðafjörður	24
3.5.	Klónagreining	24
3.5.1.	Íslands mið.....	27
3.5.2.	Breiðafjörður	32
3.5.3.	Hal	35
4.	Samantekt og ályktanir.....	35
4.1	Frumatalningar	36
4.2	Fingrafaragreining	36
4.3	Tegundagreining	37
4.4	Niðurlag	38
5.	Þakkir	39
6.	Heimildir	40
	Viðaukar	42

1. Inngangur

Til samans þekja höfin um 70% af yfirborði jarðar og er meðaldýpt þeirra um 3800 m en 62% af lífhvolfi jarðar er á meira en 1000 m dýpi (Jannasch og Taylor, 1984). Líffræðirannsóknir í þessu stærsta búsvæði lífvera á jörðinni hafa hingað til mest beinst að stærri lífverum en hinum smærri, eins og örverur, sem sjást ekki með berum augum, hafa fengið minni athygli. Á síðustu árum hefur þetta verið að breytast og ví sindamenn gert sér betur grein fyrir mikilvægi örvera í höfunum. Heimshöfin eru í raun upppfull af örverum og lífmassi þeirra talinn vera meira en 98% af öllum lífmassa sjávarlífvera. Fjöldi þeirra á yfirborði sjávar hefur reynst vera meira en 1×10^5 frumur í einum millilítra af sjó (Porter & Feig, 1980; Hobbie et al. 1977). Ætla má að höfin innihaldi um 3.6×10^{29} örverur og að kolefnismassi þeirra geti verið um 3×10^{11} tonn (Whitman et al. 1998).

Þessar örsmáu efnaverksmiðjur sjá um 98% af allri frumframleiðslunni og hafa einnig lykilhlutverk í hringrás efna í höfunum (Whitman et al. 1998; Atlas & Bartha 1993).


Vegna tæknilegra annmarka hefur vitneskja ví sindamanna um lífverur á miklu dýpi verið tiltölulega lítil og enn minni um örverur. Til marks um þetta vissu menn ekki fyrir víst um tilvist djúpsjávarhvera fyrr enn seint á tuttugustu öldinni. Þar uppgötvuðust áður óþekkt vistkerfi örvera og dýra þar sem efnatillífandi örverur voru einu frumframleiðendurnir og þar með undirstaða vistkerfisins (Corliss et al. 1979). Við þessa uppgötvun jókst áhugi á djúpsjávarrannsóknum og hafa fjölmargir slíkir hverir fundist víða um höf og þá einkum við neðansjávarhryggi. Ísland er hluti af Atlantshafshryggnum en þar hafa ekki enn fundist neðansjávarhverir á mjög miklu dýpi. Tvö hverasvæði hafa verið rannsokuð, annað við Kolbeinsey á 100 m dýpi (Fricke et al. 1989) og hitt við Grímsey á 400 m dýpi (Hannington et al. 2001).

1.1. Kolefnishringur og örverur

Staðsetning örvera í sjó fer mikið eftir aðgengi þeirra að orku, kolefnisgjöfum og elektrónubegum. Þær geta verið stakar og fljótandi um vatnsúlu sjávar, myndað þekju á ögnum eða myndað netju sem svífur um og verið á botni eða seti. Einnig geta þær lifað sem samlífisörverur í sjávardýrum. Upphaflega var talið að örverur væru í óverulegu magni í efstu lögum sjávar þar sem styrkur á uppleystu lífrænu efni væri of líttill til að ófrumbjarga örverur gætu þrifist. Örverur væri aðeins að finna á ögnum þar sem styrkur lífræns efnis væri hár.

Með nýjum tækjabúnaði og meiri rannsóknum hefur þessi mynd breyst verulega. Nýlegar rannsóknir hafa sýnt að meira er af örverum í vatnssúlu sjávar en áður var haldið (DeLong, 1997 og 2005). Á einstaka svæðum sem innihalda mikla næringu getur fjöldi örvera orðið yfir ein milljón á millilítra í yfirborðslögum við strendur en í næringarsnauðu úthafi er fjöldinn minni.

Hafið er talið einn stærsti langtíma hýsill lífræns kolefnis á jörðunni og stór hluti af CO₂ upptöku jarðarinnar fari fram í sjó. Áætlað er að 1/4 af því kolefni sem er fixerað með ljóstillífun í sjó losni frá frumum sem uppleyst lífrænt efni. Styrkur kolefnis í sjó virðist haldast stöðugur þrátt fyrir þessa aukningu. Þessi stöðugleiki hefur verið skýrður með kolefnisupptöku ófrumbjarga örvera, sérstaklega baktería, á uppleystum lífrænum efnum (Andrews og Williams 1971). Með betri sýnatökubúnaði hefur komið í ljós að fjöldi örvera hefur verið vanmetinn þar sem smæstu örverurnar s. s. bakteríusvif komust í gegnum síurnar sem áður voru notaðar (Hobbie og Williams 1984). Talið er líklegt að 90% af uppleystu lífrænu kolefni í vatnssúlu sjávar sé tekið upp af örverum sem eru minni en 1 μm (Sieburth 1982). Með því að breyta uppleystu lífrænu kolefni í frumumassa kemst kolefnið inn í fæðukeðjuna að nýju við það að vera fæða stærri lífvera eins og nano-svifdýra. Þannig viðhelst kolefnishringurinn fyrir tilstuðlan örvera, (Mynd 1) "the microbial loop" (Pomeroy 1974).



Mynd 1. “Örverulykkjan” Myndin sýnir á einfaldan hátt samband á milli sjávarörvera og annarra stærri lífvera (“the microbial loop”) (mynd af vef: www.esf.edu/efb/schulz/Limnology/microbialloop.jpg).

Einkum eru það ófrumbjarga og ljóstillífandi örverur sem mynda stærstu örveruhópana í sjó. Ljóstillífandi *Cyanobacteria* finnast allstaðar í efri lögum sjávar og þá sérstaklega í næringarsnauðu (oligotrophic) umhverfi (Johnson og Seiburth 1979). Þessi hópur baktería er mikilvægt æti fyrir aðrar lífverur og getur náð frá 20 til 80% af þeim massa sem aðrar stærri lífverur nýta. Þeir ófrumbjarga örveruhópar sem þarna finnast eru lofháðir eða vallofháðir, Gram neikvæðar bakteríur sem tilheyra ættkvíslunum *Shewanella*, *Pseudomonas*, *Vibrio*, og *Oceanospirillum*. Gram jákvæðar bakteríur eins og *Arthrobacter* eða grómyndandi bakteríur finnast einnig í litlum mæli. Veirur (Bratbak et al. 1996) og fornbakteríur eru þeir hópar örvera sem tiltölulega nýlega hafa uppgötvast í miklu magni í sjó. Talið er að allt að 1/3 af bakteríum minni en 2 µm tilheyri fornbakteríum (Olsen 1994) en ekki hefur enn tekist að rækta kaldsjávar fornbakteríur. Með sameindalíffræðilegum aðferðum hefur verið sýnt fram á mikinn fjölda fornbaktería í efri lögum sjávar og áður óþekktar bakteríur eins og t.d. SAR11 sem eru á yfirborði sjávar (Moriss et al 2002). Ekki hefur tekist að rækta þessar örverur en miðað við fjölda og dreifingu gegna þær veigamiklu hlutverki í vistkerfi sjávar. Fjöldi veira í sjó hefur einnig komið á óvart og getur náð allt að 10 milljónum veiruagna í millilítra (Marie et al. 1999). Hlutverk þeirra í þessu vistkerfi er lítið þekkt en talið er að þær gegni mikilvægu hlutverki í hringrás efna í “örverulykkjunni” með því rjúfa örverur og auka uppleyst magn lífræns kolefnis.

1.2. Sjávarörverurannsóknir við Ísland

Hafrannsóknir á Íslandsmiðum hafa lengi verið stundaðar og miklu af upplýsingum safnað. Hér er einkum átt við haffræðirannsóknir og rannsóknir á ýmsum stærri dýrategundum, svifdýrum og svifþörungum. Hinsvegar hafa nánast engar rannsóknir á hlutverki sjávarörvera í vistkerfinu farið fram. Helst má nefna óbirtar rannsóknir Ólafs S. Andréssonar o.fl. í tengslum við þorskklakleiðangra Hafrannsóknarstofnunar 1996-1997 og rannsóknir Guðna Á. Alfreðssonar. Einnig má nefna rannsókn þar sem erfðafjölbreytileiki óræktaðra örvera frá yfirborði til botns var kannaður. Viggó Þór Marteinsson stýrði rannsókninni og tengdist sýnataka hennar sýnaleiðangri Biolce (Botndýr á Íslandsmiðum). Einungis örfáum sýnum var safnað en í ljós kom örveruflóra sem reyndist mjög fjölbreytileg. Stór hluti örveranna


reyndist mjög fjarskyldur öðrum örverum og margar gátu talist nýjar ættkvíslir. Sérstaklega innihélt botnset mikinn fjölda óþekktra örvera. Niðurstöður sýndu að örveruflóran reyndist vera mjög breytileg á sama dýpi óháð sýnatökustað. Fjöldi baktería og veira var svipaður á 1-10 metra dýpi en fjöldi baktería lækkaði tölvert á 50 metra dýpi (Kjartan Á Maack, 2002).

1.3. Nýjar rannsóknir

Eins og komið hefur fram hafa rannsóknir á sjávarörverum og hlutverki þeirra í vistkerfi sjávar verið minna stundaðar en rannsóknir á öðrum sjávarlífverum. Á allra síðustu árum hefur orðið aukning á þessum rannsóknum og áhugi manna beinst meira að örverum sem einni af megin undirstöðum lífs í sjó og á landi. Nálgun á lífríki sjávarörvera með sameindalíffræðilegum aðferðum hefur opnað nýjar víddir í rannsóknum. Craig Venter sem áður stjórnaði raðgreiningum á erfðamengi mansins, gerði út leiðangur um heimshöfin til að safna saman DNA úr örverum og raðgreina það tilviljunarkennt. Með þessu móti voru heilu örverugenamengin raðgreind úr lífmassa beint upp úr sjó án ræktunar en slík massa raðgreining hefur ekki áður þekkst. Tekin voru sjávarsýni á fjölda sýnatökustöðva á sömu sjóleiðum og Joseph Banks á HMS Endeavour og Charles Darwin á HMS Beagle fóru á seinni hluta 18. og fyrri hluta 19. aldar. Leiðirnar eru um 25.000 mílna langar og eru sunnarlega á hnnettum. Raðgreindir voru um 6.3 milljarðar basapara úr sjávarsýnum sem innihéldu fjöldann allan af örverutegundum. Með þessu fengust mikilvægar upplýsingar um örveruvistkerfið á þessum slóðum (Venter et al., 2004).

Nýlegar rannsóknir á fjölbreytileika sjávarörvera með nýrri raðgreiningartækni sýna enn betur þann gífurlega fjölbreytileika sem er til staðar í hafinu (Sogin et al., 2006) og ný óþekkt litarefni í ljóstillífun uppgötvast (Béja et al., 2000 og Yutin et al., 2007). Þessi nýja tækni mun í framtíðinni gera vísindamönnum kleyft að mæla fjölbreytileika örvera í sjó án ræktunar en með margfalt betri greiningu og með mun ódýrari hætti en áður. Með þessari nýju tækni verður auðveldara að fylgjast með breytingum á örverusamfélögum og rannsaka hlutverk þeirra í vistkerfi sjávar. Sérstakalega verður brýnt að fylgjast með framvindu vistkerfa í sjónum til að meta áhrif hlýnunar sjávar á lífríkið og hvernig CO₂ upptaka örvera breytist. Einnig leiðir þekking okkar á hlutverki örvera sem undirstöðu í fæðukeðjunni betri skilning á ástandi stofna sjávardýra.

Nýlega var settur upp gagnabanki (International Census of Marine Microbes (ICoMM)) sem sýnir örverufjölbreytileika á mismunandi sýnatökustöðum í heiminum. Þessi gagnabanki MICROBIS er aðgengilegur á netinu (<http://icomm.mbl.edu/index.html>) og inniheldur mikilvægar upplýsingar um örverur ásamt upplýsingar um DNA (16S rRNA gen) þeirra.



Mynd 2. MICROBIS. Myndin sýnir kort úr gagnabanka MICROBIS. Minni myndinn sýnir yfirlit yfir sýnatöku sýnatökustaði víðsvegar í heiminum ein sú stærri sýnatökur við Ísland.

1.4. Klónagreining - 16S rRNA

Klónagreining með hlutraðgreiningu 16S rRNA gensins er ein algengasta leiðin til að tegundagreina bakteríur. Genið skráir fyrir hluta 30S einingar ríbósóms baktería og er 16sRNA genið til staðar í öllum bakteríum. Genið er vel varðveitt en inniheldur einnig breytileg svæði sem gerir það að verkum að hægt er að bera saman og ákvarða skyldleika bæði fjarskyldar og skyldra bakteríutegunda. Genið er hins vegar það vel varðveitt að oft er ekki mögulegt að greina á milli tveggja náskyldra tegunda (Tringe and Hugenholtz 2008). Raðgreining á 16S rRNA geninu hefur verið beitt með tvennum hætti, annarsvegar til að raðgreina genið úr stofnum og er það nú staðlað verklag við lýsingu nýrra bakteríutegunda og flokkunar á ræktanlegum tegundum. Aðferðinni hefur einnig verið beitt eins og hér er gert, til þess að skoða samsetningu bakteríusamfélaga. Í því skyni er erfðaefni einangrað úr umhverfissýnum, erfðaefnið sem einangrast er blanda af erfðaefni þeirra tegunda sem til staðar voru í sýninu. Hluti gensins er magnaður upp úr erfðaefninu með PCR tækni og prímerum altækum fyrir ýmsa bakteríu flokka. PCR afurðin er klónuð inn í genaferju sem komið er fyrir í *E. coli* frumum eða notuð sambærileg aðferðafræði. Hver *E. coli* klónn inniheldur 16S rRNA gen úr einni bakteríu í örverusamfélagini. Með raðgreiningu nægjanlegs

magns af klónum má þannig fá upplýsingar um örveruflokka og jafnvel tegundir í því umhverfi sem sýnið var tekið. Með þessu móti má greina jafnt ræktanlegar sem óræktanlegar bakteríur sem ekki er mögulegt að greina nema með sameindalíffræðilegum aðferðum. Til að ákvarða hvaða bakteríum raðgreindir genahlutar tilheyra eru raðirnar bornar saman við NCBI genbank gagnabankann á netinu sem geymir m.a. 16S rRNA raðir og flokkunarfræðilegar upplýsingar fyrir hverja röð (Tringe and Hugenholtz 2008) eða 16S ribosomal database gagnabankann. Í dag er að finna á 16S ribosomal database gagnabankanum 1,483,016 raðir (<http://rdp.cme.msu.edu/>, desember 2010) og er hann í stöðugum vexti.

1.5. Flæðisjá (*Flow Cytometry*)


Eins og áður segir eru bakteríur mikilvægur hluti af svifi í fæðukeðjunni og virkni þeirra er talinn hafa mikil áhrif á vistkerfi almennt. Þetta á m.a. við um jafnvægi milli öndunar og frumframleiðslu og færslu kolefnis í kolefniskeðju jarðar. Magn baktería og lífmassi gegna því lykilhlutverki í sjávarvistkerfum. Til að skoða magn örvera í sjó er erfitt að nýta hefðbundnar aðferðir líkt og talningar með heildartalningum á agaræti, þar sem stóran hluta örveran er ekki hægt að rækta (Delong 2005). Flow cytometry, eða flæðisjár-mæling er tækni sem hægt er að nýta til að telja, skoða eða flokka frumur með vökvaflæði. Flow cytometry (FCM) er mjög næm aðferð, þar sem ræktun eða auðgun á sýnum er ekki þörf og gefur bæði möguleika á að greina og telja örverur í sýnum. Tæknin er byggð á ljósörvun, ljósgleypni og útgeislun flúrljómandi sameinda. Aðallega hefur tæknin verið notuð í sambandi við ónæmisfræði en hefur nú á síðustu árum einnig nýst við umhverfisrannsóknir og þá sérstaklega í sjávarlíffræði (Marie, Partensky et al. 1997). Aðferðin er hraðvirk og gefur upplýsingar sem erfitt og tímafrekt er að ná með hefðbundnari aðferðum. Fyrir utan að vera þægileg tækni til að telja frumur er hægt að fá upplýsingar um stærð og náttúrulega flúrljómun. Að auki bíður tæknin upp á flokkun ákveðinna hópa og greina nánar, rækta eða raðgreina (Bergquist, Hardiman et al. 2009).

2. Efni og aðferðir


2.1. Sýnatökur

Í rannsókninni var sýna aflað á þrjá mismunandi vegu. Í fyrsta lagi var 483 sýnum safnað í samstarfi við árlegt rall Hafrannsóknarstofnunar. Í öðru lagi var 16 sýnum safnað úr Breiðafirðinum og í þriðja lagi var 5 sýnum safnað með sérútbúnum sýnatökubúnaði sem festur var við höfuðlinu trolls sem gerði það kleyft að safna örverusýnum við hal togarans. Að auki hafa verið tekin sýni úr Breiðafirði yfir vetrarmánuðina.

Úr vorralli Hafró voru tekin sýni af 96 mismunandi stöðvum og yfirleitt af fimm mismunandi dýpum á hverri stöð (0,10,20,30,50 metrar). Hafrannsóknarstofnun safnaði hefðbundnum gögnum s.s. hitastigi, seltu, súrefni og yfirborðsflúrljómun en aðferðalýsing þessara mælinga er ekki greint frá hér. Ljóst var frá upphafi að ekki myndi reynast ráðrúm til að vinna úr öllum þessum sýnum innan tímarammans fyrir þessa skýrslu. Öll sýnin voru hinsvegar síuð til að einangra örverumassan og einangra erfðaefni örveranna sem síðan var frystur við -80°C (bæði örverumassi og DNA). Sýni sem valin voru til rannsóknarinnar hér komu af 12 stöðvum á Selvogsbanka, Langanesi, Sigrunes og vestan af landi (Mynd 3). Sýnatökustöðvarnar sem um ræðir eru númer 276, 283, 291, 296, 298, 305, 310, 312, 348, 351, 353 og 355 og sýni tekin af dýptum 0m, 20m, 50m ásamt stöðvum 353 (800m dýpi) og 355 (250m dýpi), alls 38 sýni.



Mynd 3. Yfirlitsmynd yfir allar sýnatökustöðvar úr rannsókninni. Sýni úr vorralli Hafrannsóknarstofnunar eru merktar með rauðum hring, sýni úr Breiðafirði með bláum og hal sýni frá togaranum Klakki SH510 merkt með grænu. Myndin sýnir einnig allar aðrar sýnatökustöðvar í reglubundnum rannsóknarleiðöngrum Hafrannsóknarstofnunar.



Mynd 4. Örverugildran sem komið var á höfuðlinu trollsins. Örverugildran samanstendur af litlum kassa úr málmgrind, með loki en inn í kassanum er sía (líttill sívalningur) sem tengist (hægt að losa síuna með því að snúa henni rangsælis) plasthylki sem er fast við kassann. Plasthylkið er með grind til að taka óhreinindi frá.

Úr Breiðafirðinum var sýnum safnað í samstarfi við Sjávarrannsóknarsetrið Vör. Sýnum var safnað af tveimur sýnatökustöðum út frá Stykkishólmi af stöðvum BFS2 og BFS5 af 1m og 20m dýpi. Sýni voru tekin með viku millibili á tímabilinu 13. Júlí til 9. Ágúst 2010. Að auki hafa verið tekin sýni yfir vetrarmánuðina sem verið er að vinna úr.

Í samstarfi við togarann Klakk SH 510 var sýnatökubúnaði (sterivex filter) komið fyrir inn í stálbüri og fest á veiðibúnað. Sýnum úr hali var aflað með því að koma sérútbúinni örverugildru við höfuðlinu á trolli. Örverur voru síðar úr sjónum við tog á trolli og ný sía sett í boxið fyrir hvert tog. Fimm sýnum var safnað af norðvestur miðum (Mynd 3). Lista yfir öll sýni sem tekin voru í rannsókninni má finna í viðauka 1.

2.2. Sýnaundirbúningur og DNA einangrun

Á hverjum sýnatökustað voru tvenns konar sýni tekin, annars vegar fyrir DNA einangrun og rannsóknir á fjölbreytileika en hins vegar fyrir frumutalningar með flæðisjá(*flow cytometry*). Fyrir frumutalningar í flæðisjá var 5 ml af sjó safnað og örverurnar fixeraðar með því að bæta glutaraldehyde í sýni með 0,1 % lokastyrkleika. Fyrir DNA einangrunina voru gerðar nokkuð ítarlegar fortilraunir til að finna bestu lausnirnar í þessum málum og sem hefur verið birt (Matís skýrsla 36-10).

Í flestum tilfellum var 1 L sýni síð í gegn um 0,47 µm filter (Millipore). Eftir síunina var filterpappírnum komið fyrir á petri skál og voru örverurnar losaðar af með því að skola 4 mL

af með samsettum sjó (*artificial seawater*), endurtekið yfir pappírinn og með því að skrapa þær af með pípettuoddi. Að því loknu var rúmmálinu skipt upp í 2x2 mL í og örverurnar þéttar í sýnaglasi með spuna við 8000 x g í 10 mín við 4°C. Flotinu var því næst fleygt og örverurnar geymdar við -80°C þar til DNA einangrun fór fram.

Einangrun á DNA var gerð með hálfsjálfvirkum King Fisher DNA einangrunarbúnaði (Thermo inc, MA, USA) með viðbættum 2,5µl af próteasa K (20mg/ml). Próteinasa var bætt í sýnin og þau látin vera við 55°C vatnsbað í 1 klst. Þá var King Fisher lysisbuffer bætt út í og hefðbundið King Fisher einangrunar ferli notað. DNA magn allra sýna var mælt með NanoDrop (Nanodrop Technologies, DE, USA)

2.3. Frumatalningar

Talningará örverum og einfrumu svifþörungum voru framkvæmdar með flæðisjá, FACSaria II cell sorter (BD Biosystems). Sýnin voru þýdd upp og látin standa við stofuhita í um eina klst. Sýnin höfðu áður verið fixeruð með glutaraldehyde(lokastyrkur 0,1%). Sýni voru svo og lituð með SybrGreen (Invitrogen) í 1:10000 lokastyrk miðað við upphaflegan styrk á lausn frá framleiðanda og látin standa í myrkri í um 20 mín. Eða þar til þau voru skoðuð í flæðisjá. Áður en sýni voru keyrð á flæðisjá, var flæði mælt endurtekið og þannig ákvarðað hversu mikið magn vökvásýnis fór í gegnum flæðiklefann (*flow cell*) á sek. Öll sýnin voru svo keyrð í 120 sek. og niðurstöður notaðar til að telja og reikna yfir í magn frumna í mL af sjó.

2.4. Skimun fyrir *V. parahaemolyticus*

Skimun var gerð fyrir bakteríu sýklinum *Vibrio parahaemolyticus* í sýnum teknum úr hlýjum sjó sunnan af landinu; sýnatökustöðvum 341-355. Notuð var real time PCR greiningartækni sem byggir á sérvirkum *V. parahaemolyticus* primerum og flúrmerktum þreifara sem magna upp toxR gen bakteríunnar. Greiningahörf voru gerð í MX300p real time PCR tæki og Brilliant II qPCR hvarfefnablöndu, hvort tveggja frá Agilent (Agilent, La Jolla, CA, US).

Hvarfrúmmál var 25 µL, 1mM MgCl₂, 300nm fremri vísis (forward primer), 100nm aftari vísis (reverse primer) og 300nm þreifara (Taq Man probe). Hitaprófill greiningarhvarfsins var 95°C í 10 mínútur og í kjölfarið 40 hringir af 95°C í 15 sekúndur og 60°C í 1 mínu.

2.5. Fingrafar örverusamfélaga (t-RFLP)

Með þessari aðferð er að hægt er að fylgjast með breytingum á örverflórunni og bera saman fjölbreytileika mismunandi sýna á fljótvirkan hátt (Braker, Ayala-del-Rio et al. 2001). Aðferðin byggist á því að notaðir eru flúrmerktir alhliða vísar (universal primers) til að magna upp 16S rRNA geni raunbaktería. Vísarnir sem notaðir voru í þessu tilviki eru F9 merktur með FAM (FAM-‘5-GAGTTTGATCCTGGCTCAG-3’) og 805R (‘5-GACTACCCGGGTATCTAATCC-3’). Hvarfrúmmál var 40 µL og innihélt 0.05 U/µL *Teg* polymerasa, 200nM vísa, dNTP (200nM, 1x dúi(buffer) með 1,5 mM Mg₂Cl og 2-5 µL af DNA sýni. Hitaprógramið var 5 mín við 95°C, 35 hringir 50 sek við 95°C, 50 sek 52°C, 90 sek 72°C og lokaskref við 72°C í 5 mín. PCR afurðirnar voru þá rafdregnar í 1% agarósa geli, kliptar úr gelinu og hreinsaðar með GFX aðferð (framleiðandi). Eftir það var hreinsaða PCR afurðin klippt með *Hae*III skerðiensími (Fermentas) skv. leiðbeiningum framleiðanda. Að lokum var sýnið þynnt 1:20 í vatni, blandað við innri stærðarstaðal og keyrt á ABI 3730 raðgreiningartæki.

2.6. Tölfræðigreining t-RFLP gagna

Fyrir tölfræðilega úrvinnslu á t-RFLP gögnum var útbúið fylki þar sem toppum var raðað upp þvert á öll sýni. Hlutfallslegt flatarmál hvers topps af heildarflatarmáli allra toppa úr hverju sýni var reiknað. Þessi gögn voru svo notuð fyrir höfuðþáttagreiningu eða „principal component analysis“ (PCA) sem gerir mögulegt að bera saman t-RFLP fingraför sýna og kanna innbyrðis líkindi örverusamsetningu frá mismunandi hafsvæðum.

Til að kanna fylgni milli umhverfispátta (dýpi, hitastig, selta, súrefni, flúrljómun) á móti t-RFLP gögnunum og þann breytileika sem þau innihalda var beitt Principal Component Regression (PCR). t-RFLP gögnin voru vikuð til að minnka áhrif stærstu toppana úr t-RFLP gagnasafninu. PCA og PCR greiningin var gerð með forritinu Unscrambler (CAMO Software AS, Oslo, Norway).

2.7. Klónagreining

Hér var einnig fyrsta skrefið mögnun með sömu PCR vísum, f9 og 805R, og áður en ómerktum en að öðru leyti voru PCR aðstæður þær sömu. Hér voru PCR afurðirnar klónaðar í *E.coli* frumur eins og áður hefur verið lýst (Marteinsson, Hauksdottir et al. 2001) og 30-50 raðir raðgreindar úr hverju sýni. Röðum var samraðað miðað við ≥98% skyldleika og flokkar

raða og stakar raðir bornar saman við þekktar raðir í NCBI Genbank gagnabankann með BLAST forriti. Með þessum hætti má ákvarða nánasta ættingja hverrar raðar og skyldleikaprósentu við nánasta þekkta ættingja og fá að auki yfirlit yfir fjölbreytileika örveruflórunnar í hverju sýni. **Simpson's** fjölbreytileikastuðull var reiknaður fyrir sýnin en hann metur líkurnar á því að tvær raðir valdar úr sýninu af handahófi tilheyri ólíkum tegundum og er gefinn upp á bilinu 0-1 þar sem 0 væri minnstur mögulegi fjölbreytileiki þ.e allar bakteríur úr sýni tilheyri sömu tegund og 1 væri allar greindar bakteríur úr sýni væru af mismunandi tegundum.


3. Niðurstöður og umræður

3.1. Frumtalningarár

3.1.1 Íslands mið

Aðeins lítill hluti örvera úr sjó er þekktur og ræktanlegur og því hafa talningar á örverum í sjó með hefðbundnum aðferðum með heildartalningum á agaræti ekki nýst sem skyldi. Til þess að fá áætlað magn þeirra í sýnunum var notuð flæðisjá en þannig er hægt að greina stærð og lögun fruma að hluta sem og flúrljómun. Bæði er hægt að nema náttúrulega flúrljómun en að auki hægt að flúrmerkja frumur með mismunandi hætti til að nema þær með flæðisjánni. Hér var notaður DNA litur, SybrGreen sem litar allt tvíþátta erfðaefni sem gerir allar frumur sjáanlegar á ákveðinni bylgjulengd ljóss. Talningar voru gerðar á heildarfjölda á örverum út frá filter sem nemur SybrGreen litaðar agnir og að auki voru taldar sérstaklega þær agnir sem að öllum líkindum voru einfrumu svifþörungar, þ.e. voru stærri samkvæmt dreifingu agna á FSC (*forward scatter*) og SSC(*side scatter*) og höfðu að auki náttúrulega flúrljómun.


Niðurstöðurnar sýndu að fjöldi örvera var nokkuð breytilegur, bæði eftir dýpi og staðsetningu (mynd 5). Örverumagn var mest út af Selvogsbanka í sýni 353 á 30m dýpi og var heildartalning rétt um $1,6 \times 10^6$ /ml af sjó. Reiknað meðaltal allra sýna var um $6,8 \times 10^5$ /mL. Algengast var að hæsta talning væri í sýnum á 20 og 30 metra dýpi, en þó aðeins misjafnt eftir sýnum og í sýni 355 við Selvogsbanka má sjá að aukning er á fjölda alveg niður að 50m dýpi (Mynd 5). Heldur lægri talning fékkst í sýnum sem tekin voru á stöð 296, út af Siglunesi, en þegar sýni frá stöð 296 eru skoðuð í samanburði við sýnatökustöðvar sitthvoru megin, þ.e. 291 alveg uppvíð land og 298 í sama sniði lengra frá landi, er fjöldi örvera á þeim stöðum umtalsvert meiri eða þrisvar og fjórum sinnum meira að meðaltali.




Mynd 5. Á grafinu má sjá heildartalningar í sýnum tekin á nokkrum stöðum á hafsvæðinum í kringum Ísland. Á myndinni má sjá graf fyrir talningar á örverum á 0, 10, 20, 30 og 50 metra dýpi á hverri sýnatökustöð.

Auk þeirra sýna sem tekin voru á 0-50m dýpi á hverri stöð voru tekin sýni á meira dýpi á sýnatökustöð 353 og 355 við Selvogsbanka. Á sýnatökustað 353 voru tekin sýni niður á 800 metra dýpi með um 100 metra millibili og á stöð 353 voru sýni tekin við 100 metra og 250 metra. Á grafinu má sjá að í sýni 353 við 100 metra dýpi er fjöldi örvera um 3 sinnum minni en við 50 metra og við 800 metra er fjöldi orðinn um 9×10^4 eða um 15 sinnum minna magn en við 30 metra dýpi á sömu stöð þar sem mest var (Mynd 6). Þetta er í ágætu samræmi við það sem áður hefur verið sýnt fram á. Almennt er talið að fjöldi örvera á næringarárum hafsvæðum sé á bilinu 10^5 - 10^6 á millilítra.

Einfrumu þörungar voru skoðaðir sérstaklega og taldir með flæðisjá, fjöldi var nokkuð mismunandi eftir dýpi en meira áberandi munur var á milli sýnatökustaða (Mynd 7). Mesta magn þörunga var á 10-30 metra dýpi en minna við yfirborð og 50 metra. Ekki var alger samsvörun milli heildarfjölda örvera og fjölda einfrumu þörunga í sýnum en þó nokkuð gott samræmi þar á milli. Talning sýndi að magn þörunga í sjó var á bilinu $1,0 \times 10^3$ til $9,0 \times 10^3$ eða um nífaldur munur þar sem mest var. Það er áhugavert að í sýni 312, langt út af Langanesi fékkst hæsta talning svifþörunga, en við stöð 312 á 20 metra dýpi var magn einfrumu þörunga um $8,8 \times 10^3$ /mL af sjó (Mynd 7). Þetta helst í hendur við aukna flúrljómun á þessu svæði (Viðauki 2).



Mynd 6. Á grófunum hér að ofan má sjá heildartalningar gerðar með flæðisjá á sýnum 353 og 355 tekin við Selvogsgrunn. Á myndinni má sjá talningar á örverum á stöð 355 frá 0 niður á 250 metra dýpi (a) og stöð 353 frá 0 niður á 800 metra dýpi (b).




Mynd 7. Talningar svifþörunga með náttúrulega flúrljómun gerðar með flæðisjá. Grafið sýnir fjölda fruma á mL af sjó í sýnum sem tekin voru á nokkrum stöðum á hafsvæðinu í kringum Ísland. Á myndinni má sjá graf fyrir talningar á á 0, 10, 20, 30 og 50 metra dýpi á hverri sýnatökustöð.

Fyrir utan að gefa ágætar upplýsingar um fjölda baktería og stærri hópa eins og svifþörunga með náttúrulega flúrljómun má einnig aðgreina bakteríur sérstaklega á grundvelli mismunandi magns af DNA og þar af leiðandi á mismundi flúrljómun með DNA litun (m.a. SybrGreen).

Mynd 8 sýnir dæmi um hrágögn úr flæðisjárgreiningu fyrir sýni 312 á 20m dýpi. Þar má sjá þrjár myndir úr sömu greiningunni þar sem mismunandi mæligildi eru teiknuð upp. Mynd 3a sýnir taldar frumur á móti flúrljómun í FITC nemanum (SYBRgreen litað erfðaefni) þar sem bersýnilega má sjá í það minnsta tvo aðskilda hópa. Mynd 3b sýnir náttúrulega flúrljómun við 760 nm (PE-Cy7 nemi) á móti FITC og þar má sjá frekari hópaskiptingu örvera í sýninu. Efst til hægri eru einfruma þörungar, merktir með grænu. Mynd 3c sýnir loks FITCH mæligildi á móti „forward scatter“ (FSC) en sú mæling aðgreinir frumur eftir stærð. Þar má sjá tvo þétta bakteríuhópa (blár og fjólublár) sem sýna töluverða DNA flúrljómun en mælast með lágt gildi fyrir FSC vegna smæðar þeirra. Grænar og rauðir hópar eru svo að öllum líkindum einfruma þörungar með mismikla flúrljómun en svipaða frumustærð. Svörtu punktarnir eru þá veirur og önnur korn sem taka upp litla DNA litun.

Það sem tæknin býður einnig upp á og stefnt er á að beita í svipuðum rannsóknum, er möguleikinn á að einangra örverur með ákveðin flúrljómunarmynstur úr sýni. T.a.m. mætti einangra P2 og P3 hliðin í mynd 3c og safna þeim í tilraunaglas fyrir frekari rannsóknir og tegundagreiningar.




Mynd 8. Á myndunum má sjá dæmi um tvívíð flæðisjár-gröf sem sýna fjölda fruma, mismunandi stærð og flúrljómun þeirra. Á öðrum ásnum á myndum FITC skali en sýnin voru lituð með SybrGreen flúrljómandi efni, en sami filter er fyrir ljósgleypti þess og FITC. Y- ás á mynd a sýni hlutfallslegan fjölda agna á tímaeiningu(sek) en Y-ásinn á mynd á b sýnir náttúrulega flúrljómun. Á mynd c er svo forward scatter á x-áss sem segir til um stærðir frumna.

3.1.2. Breiðafjörður


Í samstarfi við sjávarrannsóknasetrið Vör við Breiðafjörð voru tekin sjávar sýni vikulega yfir fjögurra vikna tímabil frá 13. Júlí til 9. ágúst síðastliðinn (2010). Sýnin voru tekin á tveimur sýnatökustöðum, auðkenndir BSF-2 og BSF-5 og á bæði 1 metra og 20 metra dýpi. Auk þessara sýna hafa verið tekin sýni yfir vetrarmánuðina sem verið er að vinna úr en er ekki lokið á þessu stigi. Talningar á heildarfjölda örvera voru nokkuð svipaðar yfir allt tímabilið með einhverjum breytileika milli vikna og sýnatökustaða og heldur hærri talningar fengust á sýnatökustöð BSF 5. Minnst var í sýni BSF 2 á 20m dýpi þann 13. Júlí (0,55 milljón frumur/mL) en hæsta talningin var í sýni BSF 5 á 1m dýpi 21. Júlí (2,04 milljón frumur/mL). Á þremur af fjórum sýnatökustöðum var heildarfjöldi mestur 21. júlí en minnstur 9. ágúst en breytingar á fjölda voru almennt ekki miklar á milli vikna (myndir 9 og 10).

Út frá talningum á svifþörungum má sjá að almennt er aukning milli vikna á fjölda svifþörunga yfir tímabilið. Taka skal fram að tvö sýni misfórust í meðhöndlun, BSF 2-20m-21 júlí og BSF 5 20m 9 ágúst og því eru ekki til gögn fyrir þau sýni. Á gröfunum má sjá að ágæt samsvörun er á milli heildarfjölda örvera og fjölda svifþörunga eftir sýnatökustað. Aftur á móti má sjá að ef tölur fyrir heildarfjölda örvera annars vegar og svo svifþörunga hins vegar eru bornar saman virðist sem heildarfjöldi örvera minnki lítillega yfir tímabilið á meðan fjöldi svifþörunga aukast (Myndir 9 og 10). Það verður þó að hafa í huga að þó gögnin gefi ákveðnar vísbendingar var aðeins um eina staka sýnatöku í hvert skipti. Hugsanlega þarf að taka fleiri endurtekin sýni í hvert skipti til að auka á styrk gagnanna og yfir lengra tímabil til að sjá hvort að magn þörunga og örvera er að fara yfir ákveðinn topp á þessu tímabili eða hvort að um tilviljanakenndar breytingar sé að ræða.


Þegar sýni úr Breiðafirði eru skoðuð m.t.t. tíma sýnatöku er ekki mjög greinanleg munur og þá sérstaklega á heildarfjölda örvera. Aftur á móti sjást ákveðnar breytingar á ákveðnum hópum þegar þeir eru skoðaðir sérstaklega. Á mynd 11 eru sýnd gröf úr örverugreininum af sýnum tekin á sama stað með viku millibili sem sýna líklega breytingar á einfrumu svifþörungum á svæðinu. Þetta eru hópar sem hafa hlutfallslega stórar frumur og eru með náttúrulega flúrljómun. Á myndunum virðast vera nokkrir mismunandi hópar til staðar þar sem sumir þeirra eru til staðar yfir allt tímabilið eru aðrir að hverfa eða myndast. Mögulegt væri að skoða þetta nánar með því að einangra þessa hópa í örverugreininum og skoða nánar með öðrum aðferðum.



Mynd 9. Á grafinu má sjá heildarfjölda örvera sem talið var með FACSaria II flæðisjá og reiknaður fjöldi á hvern ml/sjó. tekin voru sýni vikulega yfir tímabilið sem mælt var og sýni tekin á tveimur stöðum á 1m og 20m dýpi.



Mynd 10. Á grafinu má sjá heildarfjölda svifþörunga sem talið var með FACSaria II flæðisjá og reiknaður fjöldi á hvern ml/sjó. tekin voru sýni vikulega yfir tímabilið sem mælt var og sýni tekin á tveimur stöðum á 1m og 20m dýpi.



Mynd 11. Á myndum a, uppi til vinstri -d, niðri til hægri, má sjá tvívíð gröf af sýni sem tekin eru á sömu stöð við Breiðafjörð á fjögurra vikna tímabili. X-ásinn sýnir SSC (side scatter) sem gefur stærð og Y-ásinn er filter PE-CY7 sem nemur náttúrulega flúrljómun frumna í sýnum.

Almennt gefur greining með flæðisjá mikilvægar upplýsingar á sjávarsýnum sem erfitt er að ná fram á annan hátt. Aðferðin bíður upp á að fylgjast vel með breytingum á örverumassa með einföldum talningum með einfaldri flúrmerkingu en að auki er hægt að greina mismunandi hópa á grundvelli stærðar og náttúrulegrar flúrljómunar.

3.2. Skimun fyrir *V. parahaemolyticus*

V. parahaemolyticus er algeng sjávarörvera í efri lögum sjávar og í strandsjó og skelfiski víða um heim, enkum í hlýjum sjó (Rosec, Simon et al. 2009). Sumar gerðir *V. parahaemolyticus* getur valdið alvarlegum matvælasýkingum sýkingum í mönnum og haft áhrif á öryggi sjávarafurða. Breytingar hafa orðið á dreifingu *V. parahaemolyticus* udnanfarin ár og matareitranir sökum bakteríunnar eru vaxandi vandamál í Evrópu og N. Ameríku (McLaughlin, DePaola et al. 2005; Ward and Bej 2006). Ástæður þessa eru einkum raknar til


hlýnunar sjávar á norðurhveli. Með hlýnun sjávar kringum Ísland má telja líklegt að bakterían greinist í umhverfi og sjávarfangi við Íslandi innan tíðar. Skimað var fyrir *V. Paramaemolyticus* í sjósýnum úr hlýjum sjó sunnan af landinu úr í sýnum 336-355 þar sem yfirborðshit sjávar var milli 8-10°C. Enginn *V. parahaemolyticus* greindist í þessum sýnum.

3.3. Fingrafar örverusamfélaga (t-RFLP)


Fjölbreytileiki örveruflórunnar í hafinu umhverfis Ísland var kannaður á völdum sjósýnum með T-RFLP aðferð. Fingraför örverusamfélaga, svokölluð T-RFLP mynstur, má sjá á mynd 12 úr nokkrum völdum sýnum af 50m dýpi. Aðferðin er fljótleg og einföld leið til að fá hugmynd um fjölbreytileika örversamfélaga og var notuð til að bera saman fjölbreytileika í sýnum og til að velja sýni til frekari greiningar. Með þessari aðferð má aðgreina mismunandi örveruhópa „operational taxonomic unit“ (OTU) og fá hugmynd um fjölbreytileika örverusamfélagsins. Aðferðin byggir á notkun skerðiensíms sem klippir alltaf á tiltekna basaröð erfðaefnisins. Í tilfelli skerðiensímsins *HaeIII* sem hér var notað er basaröðina GGCC. Hver örveruhópur, eða hópur skildra örvera hefur skerðiset á tilteknun stað og er sú staðsetning breytileg milli hópa. Mislangir DNA bútar myndast því við skerðingu eftir því hvaða örveruhópur á í hlut. Ólíka örveruhópa má því aðgreina með þessari aðferð og hver toppur á t-RFLP grófunum tákna tiltekinn örveruhóp. PCR afurðin er flúrmerkt og myndar þannig mislanga DNA búta eftir því hvaða tegund á í hlut og eru þeir sýndir sem toppar á grafi. Fjöldi toppa á grafinu gefur því til kynna fjölda ólíkra örveruhópa, hæð toppa á grafinu gefur ákveðna hugmynd um hlutfallslegt magn hvers hóps fyrir sig. Hvern topp á grófunum má líta á sem eitt OTU (Mynd 12).

Úr sýnum 38 úr vorrallinu sem skoðuð voru greindust 42 örveruhópar eða OTU með *HaeIII* skerðingu og 16 OTU með *HhaI* skerðingu. Að meðaltali greindust 18.5 hópar úr sýnum teknum af 0-50m dýpi með *HaeIII*, en 5.6 með *HhaI*. Ekkert skerðibútamynstur fékkst úr einu sýnanna með *HhaI* (sýni 291x20m). Mynd 13 sýnir meðalfjölda skerðibúta eftir dýpi (0, 20 og 50m) með hvoru skerðiensímanni fyrir sig. Ekki er tölfraðilega marktækur munur á fjölda OTU af 0, 20 eða 50m dýpi. Miðað við þessar niðurstöður var því notast við fingraför fengin með *HaeIII* skerðingu þar sem um betri upplausn á örverusamfélögum fíkkst miðað við skerðingu með *HhaI*. Tvö stök sýni voru tekin af meira dýpi á tveimur af sýnatökustöðunum. Á sýnatökustöð 355 var sýni tekið á 250m dýpi og annað á 800m dýpi á stöð 353. Var fjöldi

OTU við 250m sambærilegur við sýni tekin af 0-50m dýpi en fjölbreytileiki á 800m dýpi reyndist mun minni með *HaeIII* skerðingu og tölfraðilega marktækur m.v. 99% öryggismörk. T-RFLP niðursöðurnar voru notaðar til að velja úr sýni til frekari greiningar með klónun og raðgreiningu. Í framhaldi af t-RFLP fingrafaragreiningunni voru sex sjósýni valin til klónagreiningar sem dekkuðu bróðurpartinn af þeim skerðibútum sem greindust í sýnatökunni og þar með örverufjölbreytileikann. Eftirfarandi sýni voru valin til klónunnar: 353-0m, 355-250m, 348-0m, 353-800m, 310-50m og 296-50m. Saman náðu þessi sex sýni yfir 46 af þeim 51 OTU (90% fjölbreytileikans) sem greindust með skerðibútagreiningunni með *HaeIII* og 12 af 18 OTU sem greindust með *HhaI*. Við val sýnanna var miðað við að hver OTU næði að lágmarki ~2% af heildarhlutfalli OTU í einhverju sýnanna. Með því móti ætti fræðilega að vera mögulegt að kláfesta mestan fjölbreytileikanum með klónun (2% -> 2 klónar af hundrað) og 16S rRNA raðgreiningu.



Mynd 12. T-RFLP mynstur með *HaeIII* skerðingu úr sýnum teknum af 50m dýpi á fjórum sýnatökustöðum. Hvern topp má skilgreina sem eitt OTU (operational taxonomic unit) eða örveruhóp.




Mynd 13. Meðalfjöldi OTU eftir dýpi (0, 20 og 50m) með skerðiensímunum tveimur (*HaelIII* og *Hhal*).

3.4. Höfuðþáttagreining (PCA) til samanburðar á bakteríusamsetningu

3.4.1. Öll sýni

Til að skoða frávik á bakteríusamfélögum tekin af mismunandi svæði og dýpi var notast við höfuðþáttagreiningu á T-RFLP gögnunum.

Þegar öll sýni sem tekin voru í rannsókninni eru skoðuð saman þ.e. úr voralli Hafrannsóknarstofnunar, úr Breiðafirði og úr hali togara má bersýnilega sjá mun á milli sýnatöku lota (mynd 14). Þar má sjá að höfuðþáttur 1 (PC1) aðgreinir togara sýnin frá öðrum sýnum lárétt í gegn um grafið en PC3 aðgreinir svo á milli rall sýna hafró og sýna úr Breiðafirðinum. Saman ná PC1 og PC3 að útskýra um 43% breytileikans í gögnunum. Þegar PC1 var skoðaður á móti PC2 greindust togarasýnin frá öðrum sýnum en Breiðafjarðar og rall sýnin blönduðust saman og því fengust meiri upplýsingar úr gögnunum með því að skoða PC1 á móti PC3. Það sem einkennir togara sýnin umfram önnur sýni er að toppar af stærð 217bp og 253 bp eru í háu hlutfalli en finnast ekki í neinum öðrum sýnum. Breiðafjarðarsýnin hafa mörg hver topp af stærð 333 bp í háu hlutfalli þó svo að sum sýnin þaðan hafi hann ekki. Sérstaða rallsýnanna liggur þá helst í toppum af stærð 238 bp, 321 bp og 228 bp.



Mynd 14. Samanburður á fingraförum (T-RFLP mynstra) bakteríusamfélaga með höfuðþáttagreiningu úr öllum sýnum rannsóknarinnar (Bi-plot). Hver sýnatökustaður er merktur í sama lit. Rauðir hringir innihalda toppa úr T-RFLP mynstri sem eru ráðandi við dreifing sýna á grafið. Svartrir hringir eru dregnir utan um sýni af mismunandi uppruna þ.e. vorrall, Breiðafjörður og hal sýni.


3.4.2. Íslandsmið

Mynd 15 sýnir hvernig sýnin 38 sem tekin voru úr rally Hafrannsóknarstofnunar dreifast innbýrðis í tvívíðu plani greiningarinnar. Höfuðþættir 1 og 2 skýra samtals 54% breytileikans í gögnunum. Í grafinu má sjá að öll sýnin af Siglunesi skera sig mest úr skv. PC2 og orsakast það einna helst af toppi 238 sem er þar í hærra hlutfalli miðað við aðra staði. Einnig má sjá að sýni 291, 296 og 276 raðast öll ofan við PC1 línuna en þessi sýni eru norðan og vestan af landinu. Þá má sjá að öll sýni sem tekin eru af Selvogsbanka sunnan af landi raða sér þétt saman neðarlega til hægri í grafinu sem bendir til innbýrðis líkinda á örverusamfélögum. Dreifingin á þeim er einnig lítil sem helst í hendur við stutta fjarlægð milli sýnatökustaða miðað við sýni af öðrum svæðum. Innbýrðis líkindi sýna norðan og norðaustan af landinu er minni en sem helst í hendur við lengri fjarlægðir milli sýnatökustaða. Þrátt fyrir greinanlegan mun á örverumynstri sýna tekin af mismunandi svæðum er einnig þó nokkra skörun að finna. Áhugavert er að sjá að sýnin af Langanesi, norðaustan af landi (sýni 305, 310 og 312) raðast

nálægt sýnunum af Selvogsbanka í PCA greiningunni, suðvestan af landinu þrátt fyrir að vera ólík að flestu öðru leyti s.s. hitastig sjávar, seltu, flúrljómun, langa vegalengd á milli svæða og ólík hafstrauemakerfi milli svæðanna (Viðauki 1).

Gögnin sýna þá almennt að breytileiki bakteríusamfélaga er meiri á milli sýnatökusvæða en sýnatökudýpt.

Tvö sýni voru tekin af meira dýpi, af stöð 353 á 800 m dýpi og 355 á 250 metra dýpi. Á mynd 15 er ekki að sjá að þessi sýni séu frábrugðin en ef höfuðþáttur 3 skoðaður á móti höfuðþætti 1 (í stað PC2) dregur sýni 353 sig út sem má helst rekja til topps af 195 bp stærð sem er þar í 65% hlutfallin en finnst í mjög litlu magni í öðrum sýnum. Sýni 355 af 250 m dýpi var að mörgu leyti svipað og önnur sýni af sömu slóðum þrátt fyrir meira dýpi.




Mynd 15. Innbyrðis skyldleiki sýna úr vorralli Hafrannsóknarstofnunar greint með höfuðþáttagreiningu t-RFLP gagna. Sýni tekin af sömu sýnatökstöð eru merkt með sama lit. Tölur inn í rauðum hring er stærð toppa í basapörum sem hafa ráðandi áhrif á dreifingu sýna á grafinu.

Þar sem gögn um helstu umhverfisþætti liggja fyrir úr vorrallinu var gerð tilraun til þess að finna fylgni á milli umhverfisþátta og samsetningu örveruflórunnar með notkun „Principal Component Regression“. Á mynd 16 má sjá niðurstöður þessarar greiningar á „correlation loadings“ grafi. Myndin sýnir hvernig topparnir úr hverju sýni fyrir sig dreifast á þá umhverfisþætti sem mældir voru. Ytri hringurinn á myndinni táknað 100% útskýrðan

breytileika í gögnunum á meðan innri hringurinn táknað 50% útskýrðan breytileika. Því utar sem topparnir raða sér því meiri líkur eru á marktækri fylgni. Mestu fylgni toppa greindist með hitastigi sem er staðsett yst allra umhverfisþáttu á grafinu. Þar má sjá að í þeim sýnum sem mældist hátt hitastig er líklegt að tilteknir bakteríuhópar (sem tilheyra toppum 225,279,192,404,281 o.fl.) fylgi í hærra hlutfalli en í sýnum með lægra hitastig (Mynd 16, afmarkað með grænum hring). Þau sýni sem mældist með hæsta hitastigið komu flest af Selvogsbankanum. Hærri selta sýnir þá einnig nokkra fylgni með sömu toppum.

Einnig má sjá að ákveðnir örveruhópar fylgja hærra magni súrefnis og flúrljómunar (Mynd 16, blár hringur) á meðan enn aðrir hópar eru í öfugu hlutfalli við þessu umhverfisþætti (Mynd 16, rauður hringur). Á þessari greiningu er ekki að sjá að dýpi hafi minna að segja um samsetningu baktería í sýnunum en aðrir umhverfisþættir sem mældir voru.



Mynd 16. Fylgni á milli mælda umhverfisþáttu (y-breytur, rauft letur) og toppa í t-RFLP (x breytur, blátt letur) með „Principal Component Regression“ (PCR) greiningu.

3.4.3. Breiðafjörður

Þegar sýnin úr Breiðafirðinum eru skoðuð ein og sér með höfuðþáttagreiningu má sjá að sýni sem tekin eru 30. júlí og 9. ágúst raða sér nokkuð þétt saman sem bendir til sambærilegrar örverusamfélags en önnur sýni dreifast víðar (Mynd 17). Nokkur sýni innihalda topp 333 bp í mismiklu hlutfalli sem PC1 greinir frá en á hinn bóginn virðist toppar að stærð 378 bp og 404 bp aðskilja sýnin eftir PC2.

Frekari rannsókna og fleiri sýna er þörf til að geta dregið ályktanir um breytingar á t-RFLP mynstrum með tíma og milli svæða. Unnið er að söfnun frekari sýna til þess.



Mynd 17. Innbyrðis skyldleiki sýna úr Breiðafirði. Sýni tekinn á sömu dagsetningu eru merkt með sama lit. Tölur inn í rauðum hrинг er stærð toppa í basapörum og ráðandi áhrif á dreifingu sýna á grafinu.

3.5. Klónagreining

Klónagreining var framkvæmd á 576 16S rRNA klónum úr 7 sjósýnum (Tafla 1). Þrenn sjósýni voru greind úr Breiðafirði (BF2.20m, BF2.1m og BF5.20m), þrenn sjósýni úr voralli Hafrannsóknarstofnunnar (348-0m, 353-0m, 355-250m) og eitt sýni (hal 11) var tekið var með botnvörpa togarans Klakks við veiðar útaf norðanverðum Vestfjörðum.

Örverusamsetning sjósýnanna var mjög fjölbreytileg - að undanskildu hal sýninu en sýnataka þess er annars eðlis en hinna sýnanna fimm (sjá neðan) og tekið var með botnvörpu við veiðar. Simpson's fjölbreytileikastuðull var reiknaður fyrir sýnin en hann metur líkurnar á því að tvær raðir valdar úr sýninu af handahófi tilheyri ólíkum tegundum. Simpson's fjölbreytileikastuðull hal-sýnisins var 0.434 en fjölbreytileikastuðull hinna sjósýnanna fimm á bilinu 0.820-0.969.

Tafla 1. Örverufjölbreytileiki samkvæmt Simpson's fjölbreytileikastuðli. Stuðullinn segir til um líkur þess að tvær raðir valdar af handahófi úr sýninu tilheyri tveimur ólíkum tegundum.

Sýnatökustaður	Sýni	Simpsons diversity index
Breiðafjörður	BF2.20m	0,834
	BF2.1m	0,776
	BF5.20m	0,969
Vorrall	355-0m	0,983
	355-250m	0,994
	348-0m	0,965
Hal	Hal 11	0,434

Samsvörun 16S rRNA raðanna var gerð við 16S rRNA genaraðir í NCBI gagnabankanum til að ákvarða mesta skyldleiki 16S raðanna í sýnum við þekktar raðir. Með þeim samanburði má finna nánasta þekkta ættingja tegundarinnar sem finnst í sýninu, ræktaðan eða óræktaðan. Flokkun raða til tegunda var miðuð við 98% skyldleikamörkun við þekktar raðir í gagnabankanum. Í mörgum tilfellum var skyldleiki raðanna við þekktar raðir það líttill að ekki reyndist mögulegt að greina bakteríurnar nema til fylkingar eða flokks. Helmingur raðanna úr sýnum sex (51%) sýndi 95-100% samsvörun við þekktar raðir í gagnabankanum, 30% sýnanna sýndu 90-95% skyldleika og 19% raðanna sýndu 80-90% skyldleika við þekkta röð. Af öllum 16S röðunum höfðu 30% meiri en 10% breytileika við þekktar raðir, og tilheyra óþekktum tegundum og í sumum tilfellum jafnvel nýjum ættkvíslum.


Átta flokkar (class) baktería greindust í sjósýnum: Alpha-, Beta-, Gamma-, og Delta-proteobacteria, auk *Cyanobacteria*, *Flavobacteria*, *Firmicutes* og *Actinobacteria*. Hlutfall baktería eftir sýnum er listað upp eftir flokkum á myndum 18-24 (A) og eftir ættum á myndum 19-23 (B). Proteobacteria af flokki Alpha og Gamma-proteobacteria voru stór hluti bakteríusamfélagsins. Alpha-proteobacteria greindust úr öllum sjósýnanna í 14-57% hlutfalli.

Þetta helst í hendur við birtar rannsóknir á örverufjölbreytileika hafsins þar sem bakteríur af flokki Alpha-proteobacteria eru ríkjandi (Biers, Sun et al. 2009). Gamma-proteobacteria eru einnig algengar, í sýnum úr vorrallinu reyndust 17-38% 16S raðanna tilheyra Gamma-protebakteríum. Bakteríur úr þeim flokki fundust hins vegar ekki í sýnum úr Breiðafirði. Beta-proteobacteria voru sjaldséðar en nokkrar slíkar bakteríur greindust þó úr sýnum 348-0m (1%) og 355-250m (4%). *Flavobacteria* greindust úr fernum sýnanna og voru í nokkuð háu hlutfalli í sýni 353-0m (9%) en annars skipuðu þær fremur lágt hlutfall (1-4%). Auk ofangreindra bakteríuflokka greindust bakteríur af flokki *Actinobacteria* í einu Breiðafjarðarsýnanna (3%).

Mjög hátt hlutfall *Cyanobacteria* eða *Cyanobacteria*-líkra 16SrRNA raða var að finna í sjósýnunum (348-0m, 355-250m, BF2.20m og BF5.20m), að undanskildu sýni 353-0m sem tekið var mun sunnar fjær landi. Hlutfall *Cyanobacteria* var á bilinu 39-68% í þessum fjórum sýnum en einungis 4% í sýni 353-0m. Auk óræktaðra *Cyanobacteria* greinast einnig *Synechococcus sp.* tegundir blágrænna baktería í sýnunum sem þar til nýlega voru einkum taldar einskorðast við lægri breiddargráður vegna sjávarhita (Cottrell and Kirchman 2009). Þetta háa hlutfall *Cyanobacteria* kemur nokkuð á óvart en samkvæmt fyrri rannsóknum er hlutfall blágrænna baktería í hafinu mun lægra (Pommier, Canback et al. 2007). Þó sýna rannsóknir Pommier og félaga (2007) einnig að hlutfall blágrænna þörunga er hlutfallslega hærra við norðlægri breiddargráður. Sú tilhneiting skýrir þó ekki fyllilega það háa hlutfall sem hér greinist. Sennileg skýring á þessu mikla magni blágrænna baktería á mörgum sýnatökustaðanna gæti falist í því að megnið af *Cyanobacteria*-líku röðunum höfðu einnig samsvörun við 16S raðir grænukorna (chloroplast) kiísilþörunga. Það er því mögulegt að ekki sé um eiginlegar *Cyanobacteria* að ræða heldur 16S mögnun úr grænukornum kísilþörunga sem eru ríkjandi í þörungaflóru hafsins umhverfis landið. Hafa ber það í huga þegar gögnin eru skoðuð, en sé það raunin eru framsetningin á hlutfallsdreifingu *Cyanobacteria* í örveruflórunni nokkuð ýkt.

Alls greindust 12 ættir (order) baktería í sýnunum og eru þær listaðir upp á mynd 18. Mishátt hlutfall klóna tókst að greina niður í ættir eftir sýnum. Úr eiginlegu sjósýnunum fimm tókst að greina 20-80% klónanna niður í ættir, en ekki reyndist unnt að greina raðirnar til ættkvísls og tegunda nema í mjög fáum tilfellum; einungis tókst að greina 19 raðir (~4%) til ættkvísls úr sjósýnunum fimm. Þetta stafar af því hve hátt hlutfall bakteríutegundanna í sýnunum eru áður óþekktar og tilheyra jafnvel í sumum tilefellum nýjum ættkvíslum.

Alla klóna úr hal-sýninu sem var mjög einsleitt tókst að greina niður til ættkvísla (genus). Hal-sýnið samanstóð að mestu leiti (94%) af *Pseudoalteromonas* sp. bakteríum af ættbálki *Alteromonadales* sem finnst í mjög litlu mæli í hinum sýnanna. Aðrar tegundir sem þar var að finna voru *Psychrobacter* sp. (4%) auk *Comomonas* sp. (2%). Þessar bakteríutegundir eru vel þekktar fiskibakteríur og hafa verið greindar bæði á roði lifandi fiska og við geymslu á heilum fiski og flökum (Wilson, Danilowicz et al. 2008; Reynisson, Lauzon et al. 2009; Reynisson, Lauzon et al. 2010). Þar sem sýnatökubúnaðurinn er í trollinu og mjög mikið af fiski safnast þar saman þarf ekki að koma á óvart að samsetning þessa sýnis sé ólík hinum sjósýnum og samanstandi einkum af bakteríum sem vaxa í tengslum við fiska.




Mynd 18. Dreifing bakteríuhópa í sjósýnum eftir ættum skv. 16SrRNA hlutraðgreiningu.

Hér fyrir neðan verður farið nánar yfir tegundagreiningar fyrir hvert sýni fyrir sig. Töflur 2-8 sýna niðurstöður 16S tegundagreiningar á sýnum og Myndir 19-23A og B sýna hlutfallslega dreifingu bakteríutegunda í sýnum m.t.t. flokka (19-23A) og ætta (19-23B). Nýjar tegundir eru tilgreindar með bláum lit í skyldleika dálknum. GenBank númer er gefið upp í tölfum um tegundafjölbreytileika en með því má ýmsar upplýsingar um nánasta ættingjann í GenBank.

3.5.1. Íslandsmið

Sýni 348-0m var tekið á Selvogsbanka útifyrir Suðurlandi. Mikill tegundfjölbreytileiki greindist í þessu sýni og var Simpson's fjölbreytileikastuðullinn 0.965 sem merkir að 96.5% líkur séu á því að tvær raðir teknar af handahófi úr sýninu tilheyri tveimur ólíkum tegendum. *Cyanobacteria* og *Cyanobacteria*-líkar raðir voru ríkjandi í þessu sýni eða 67% tegundanna. Engin *Cyanobacteria* átti þó ræktaðan nánast ættingja og ekki reyndist mögulegt að flokka þær frekar niður til ættkvísla eða ætta. Margar *Cyanobacteria* raðanna áttu ennfremur mikinn skyldleika við grænukorn ýmissra kísilþörunga eins og áður hefur verið nefnt og gætu

hafa tilheyrт þörungategundum sem ekki hafa síast frá eða brotnað upp við filtreringu sýnanna. Alpha-proteobakteríur af ætt *Rhodobacteriales* (10%) voru algengar í sýninu og thilheyrðu helmingur þeirra nýjum tegundum. Ein baktería af flokki Beta-proteobaktería og ein af flokki *Flavobacteria* greindust í sýninu, hvor um sig sýndi aðeins 88% skyldleika við nánasta ættingja og eru þær því afar fjarskildar öllu því sem fundist hefur áður (Mynd 19, Tafla 2).




Mynd 19. Dreifing örveruhópa í sjósýni 348-0m skvt. 16SrRNA klónagreiningu. Mynd A sýnir dreifingu baktería eftir flokkum en mynd B dreifingu eftir ættum.

Tafla 2. Tegundafjölbreytileiki baktería í sýni 348-0m. 79 klónar, 36 tegundir. Nýjar tegundir eru tilgreindar með bláum lit í skyldleika dálknum.

Sýni-fjöldi ^{a)}	Nánasti ættingi í GenBank	Skyldl. ^{b)}	Fylking	GenBank locus ^{c)}
348-0-con24-2	Alpha proteobacterium IMCC10409 16S ribosomal RNA gene	97%	α-proteobacteria	FJ532487.1
348-0-P17-2	Alpha proteobacterium IMCC10434 16S ribosomal RNA gene	87%	α-proteobacteria	FJ532479.1
348-0-D5-1	Uncultured bacterium clone DP10.2.34 16S ribosomal RNA gene	93%	??	FJ612352.1
348-0-con3-10	Uncultured Cyanobacterium sp. clone CM01187X1B01 16S ribosomal	99%	Cyanobacteria	GU170675.1
348-0-B5-1	β- proteobacterium IMCC10439 16S ribosomal RNA gene	88%	β-proteobacteria	FJ532484.1
348-0-B3-1	Candidatus Pelagibacter ubique HTCC1062, complete genome	98%	α-proteobacteria	CP000084.1
348-0-B6-1	Uncultured Cyanobacterium sp. clone CM01187X1F10 16S ribosomal	93%	Cyanobacteria	GU170717.1
348-0-A11-1	Uncultured Cyanobacterium sp. clone CM01187X1F10 16S ribosomal	97%	Cyanobacteria	GU170717.1
348-0-con8-8	Uncultured Cyanobacterium sp. clone CM01187X1F10 16S ribosomal	97%	Cyanobacteria	GU170717.1
348-0-D3-1	Uncultured Cyanobacterium sp. clone CM01187X1F10 16S ribosomal	96%	Cyanobacteria	GU170717.1
348-0-C8-1	Uncultured Cyanobacterium sp. clone CM01187X1F10 16S ribosomal	96%	Cyanobacteria	GU170717.1
348-0-E7-1	Colwellia sp. BSs20151	95%	γ-proteobacteria	EU365514.1
348-0-con1-2	Coscinodiscus radiatus chloroplast 16S rRNA gene, strain p148	98%	Eukaryotic chloroplast	AJ536462.1
348-0-C1-1	Endosymbiont of Bathymodiolas aff. brevior	94%	γ-proteobacteria	DQ077891.1
348-0-con6-4	Uncultured cyanobacterium partial 16S rRNA gene, clone TAU-7-73	97%	Cyanobacteria	AM259750.1
348-0-con9-2	Glaciecola sp. BSs20135	88%	γ-proteobacteria	EU365479.1
348-0-D6-1	Uncultured cyanobacterium clone LC3-54 16S ribosomal RNA gene	91%	Cyanobacteria	DQ289913.1
348-0-D2-1	Marine γ- proteobacterium HTCC2151 16S	99%	γ-proteobacteria	AY386342.1
348-0-con26-2	Marinomonas sp. Y5 16S	92%	γ-proteobacteria	DQ279852.1
348-0-con19-2	Neptunomonas sp. NF4-29	90%	γ-proteobacteria	FJ889618.1
348-0-B1-1	Uncultured Cyanobacterium sp. clone CM01187X1F10 16S ribosomal	95%	Cyanobacteria	GU170717.1
348-0-B12-1	Uncultured cyanobacterium partial 16S rRNA gene, clone TAU-7-73	96%	Cyanobacteria	AM259750.1
348-0-B7-1	Polaribacter sp. W-2 16S	88%	Flavobacteria	DQ923436.1
348-0-con12-4	Pseudomonas sp. LC07	100%	γ-proteobacteria	EU595584.1
348-0-A12-1	Psychromonas sp. ANT9282b	97%	α-proteobacteria	AY167263.1
348-0-E10-1	Rhodobacter sp. CR07-8	86%	α-proteobacteria	EU979475.1
348-0-A7-1	Rhodobacteraceae bacterium 183	90%	α-proteobacteria	AJ810844.1
348-0-B2-1	Rhodobacterales bacterium CB1005	95%	α-proteobacteria	FJ869041.1
348-0-D12-1	Rhodobacterales bacterium CB1005	96%	α-proteobacteria	FJ869041.1
348-0-G6-1	Roseobacter sp. 3008	87%	α-proteobacteria	AM110967.1
348-0-D09-1	Roseobacter sp. ANT909	97%	α-proteobacteria	AY167254.1
348-0-con7-3	Uncultured bacterium clone A8W_156 16S ribosomal RNA gene	97%	??	HM057781.1
348-0-con13-4	Uncultured bacterium clone A8W_156 16S ribosomal RNA gene	98%	??	HM057781.1
348-0-H5-1	Uncultured cyanobacterium clone SIMO-838 16S ribosomal RNA gene	95%	Cyanobacteria	AY712375.1
348-0-con2-9	Uncultured bacterium clone PC-PA9-43 16S ribosomal RNA gene	89%	??	EF379769.1
348-0-E11-1	Uncultured bacterium clone SIMO-1019 16S ribosomal RNA gene	98%	??	AY712464.1

Sýni 355-250m var tekið á 250m dýpi á Selvogsbanka. Örverufjölbreytileikinn í því sýni var mikill; Simpson's fjölbreytileikastuðullinn var 0.994 með mjög háu hlutfalli áður óþekktra tegunda (47%) Óræktaðar *Cyanobacteria* voru ríkjandi í þessu sýni (40%) en líkt og í sýni 348-0m var ekki hægt að rekja þær til ætta. Gamma-proteobacteria voru einnig algengar (38%). Af Gamma-proteobacteria var hlutfall *Pseudomonas* tegunda hátt (14%) en einnig mikið um óþekktar Gamma- proteobacteria tegundir (25%) með litla samsvörun við nánasta ættingja í GenBank; allt niður í 88% og er þar jafnvel um nýja fjölskyldu Gamma-proteobacteria að ræða. Alpha-proteobacteria af ættum *Rickettsiales*, *Rhodobacteriales* og *Sphingomonadales* voru einnig algengar (17.8%), og margar þeirra áður óþekktar. Ein Beta-proteobacteria af ættkvísl *Delftia* sp. greindist í sýninu (Mynd 20, Tafla 3).




Mynd 20. Dreifing örveruhópa í sjósýni 355-250m skvt. 16SrRNA klónagreiningu. Mynd A sýnir dreifingu baktería eftir flokkum en mynd B dreifingu eftir ættum.

Sýni 353-0m var tekið á Selvogsbanka, úti fyrir Suðurlandi, fjær landi en hin sýnin tvö af Selvogsbanka. Ólíkt Selvogsbanka-sýnum 348-0m og 355-250m þar sem *Cyanobacteria* eða *Cyanobacteria*-líkar raðir voru ríkjandi eru *Cyanobacteria* hér einungis 4% tegundanna - allar áttu þær óræktaðan nánasta ættingja. Tegundfjölbreytileikinn í sýnin er mikill; Simpson's stuðullinn er 0.983 og gríðarlega mikið af nýjum tegundum. 76% tegundanna hafa $\leq 95\%$ samsvörun við nánasta ættingja og 18% raðanna hafa $\leq 90\%$ samsvörun við næsta þekkta ættingja og eru því mjög fjarskyldar og tilheyra sumar þeirra mögulega nýjum ættkvíslum. Alpha-proteobacteria er hér ríkjandi tegundir (57%) ásamt Gamma-proteobacteria (30%). Einkum Alpha-proteobacteria af ætt *Rhodobacteriales* (36%) ásamt Gamma-proteobacteria af ættkvísl *Pseudomonas*. *Flavobacteria* koma hér fyrir (9%) en þær er ekki að finna sem neinu nemur úr hinum tveimur sýnanna af Selvogsbanka (Mynd 21, Tafla 4).

Tafla 3. Tegundafjölbreytileiki baktería í sýni 355-250m. 64 klónar, 49 tegundir. Nýjar tegundir eru tilgreindar með bláum lit í skyldleika dálknum.

Sýni-fjöldi ^{a)}	Nánasti ættingi í GenBank	Skyldi. ^{b)}	Fylking	GenBank locus ^{c)}
355-250-D6-1	Uncultured Cyanobacterium sp. clone CM01187X1B01 16S ribosomal	95%	Cyanobacteria	<u>GU170675.1</u>
355-250-C4-1	Uncultured Cyanobacterium sp. clone CM01187X1B01 16S ribosomal	96%	Cyanobacteria	<u>GU170675.1</u>
355-250-E9-1	Uncultured Cyanobacterium sp. clone CM01187X1B01 16S ribosomal	96%	Cyanobacteria	<u>GU170675.1</u>
355-250-con2-7	Uncultured Cyanobacterium sp. clone CM01187X1B01 16S ribosomal	98%	Cyanobacteria	<u>GU170675.1</u>
355-250-con5-2	Uncultured Cyanobacterium sp. clone CM01187X1B01 16S ribosomal	97%	Cyanobacteria	<u>GU170675.1</u>
355-250-G6-1	Uncultured Cyanobacterium sp. clone CM01187X1B01 16S ribosomal	99%	Cyanobacteria	<u>GU170675.1</u>
355-250-E2-1	Candidatus Pelagibacter ubique	97%	α-proteobacteria	<u>EU410957.1</u>
355-250-B1-1	Candidatus Pelagibacter ubique	98%	α-proteobacteria	<u>EU410957.1</u>
355-250-H8-1	Candidatus Pelagibacter ubique	95%	α-proteobacteria	<u>EU410957.1</u>
355-250-E6-1	Uncultured Cyanobacterium sp. clone CM01187X1F10 16S ribosomal	96%	Cyanobacteria	<u>GU170717.1</u>
355-250-F2-1	Uncultured Cyanobacterium sp. clone CM01187X1F10 16S ribosomal	98%	Cyanobacteria	<u>GU170717.1</u>
355-250-F7-1	Uncultured cyanobacterium partial 16S rRNA gene, clone TAU-7-73	97%	Cyanobacteria	<u>AM259750.1</u>
355-250-con8-2	Delftia sp.	99%	β-proteobacteria	<u>CP000884.1</u>
355-250-B8-1	Uncultured cyanobacterium partial 16S rRNA gene, clone TAU-7-73	98%	Cyanobacteria	<u>AM259750.1</u>
355-250-E5-1	γ- proteobacterium HTCC2146	98%	γ-proteobacteria	<u>EF182726.1</u>
355-250-D3-1	Glaciecola sp.	97%	γ-proteobacteria	<u>AY167271.1</u>
355-250-A5-1	Marine γ- proteobacterium HTCC2290	97%	γ-proteobacteria	<u>AY386338.1</u>
355-250-C2-1	Uncultured bacterium clone A048_NCI 16S ribosomal RNA gene	99%	??	<u>FJ456816.1</u>
355-250-B4-1	Pseudomonas sp. a207	94%	γ-proteobacteria	<u>EU434472.1</u>
355-250-G11-1	Pseudomonas sp. GT-1	98%	γ-proteobacteria	<u>FJ426594.1</u>
355-250-G10-1	Pseudomonas sp. Lc31-3	96%	γ-proteobacteria	<u>GU733468.1</u>
355-250-A4-1	Pseudomonas sp. LS197	96%	γ-proteobacteria	<u>FJ937924.1</u>
355-250-C1-1	Pseudomonas sp. phi9	94%	γ-proteobacteria	<u>GU233953.1</u>
355-250-H7-1	Pseudomonas sp. phi10	96%	γ-proteobacteria	<u>GU233953.1</u>
355-250-G8-1	Pseudomonas sp. phi11	98%	γ-proteobacteria	<u>GU233953.1</u>
355-250-H9-1	Reinekea sp. IMCC 4489	88%	γ-proteobacteria	<u>GQ456131.1</u>
355-250-E10-1	Rhodobacteraceae ACEMC 5-3	95%	α-proteobacteria	<u>FM163081.1</u>
355-250-A11-1	Rhodobacteraceae bacterium KS2	96%	α-proteobacteria	<u>AB436779.1</u>
355-250-B9-1	Rhodobacterales bacterium CB1040	84%	α-proteobacteria	<u>FJ869045.1</u>
355-250-A7-1	Sphingomonadaceae bacterium PHPY	88%	α-proteobacteria	<u>EU179717.1</u>
355-250-C9-1	Sphingomonadaceae bacterium PHPY	87%	α-proteobacteria	<u>EU179717.1</u>
355-250-B3-1	Sphingomonadaceae bacterium PHPY	87%	α-proteobacteria	<u>EU179717.1</u>
355-250-C12-1	Sphingomonadaceae bacterium PHPY	87%	α-proteobacteria	<u>EU179717.1</u>
355-250-A8-1	Streptococcus sp. 10aVMg3	89%	Firmicutes	<u>EF151147.1</u>
355-250-D11-1	Sulfur-oxidizing bacterium NDII1.1	91%	γ-proteobacteria	<u>AF170424.1</u>
355-250-G5-1	Sulfur-oxidizing bacterium NDII1.2	91%	γ-proteobacteria	<u>AF170424.1</u>
355-250-F5-1	Uncultured bacterium partial 16S rRNA gene, clone SG_58	98%	??	<u>AM921380.1</u>
355-250-D1-1	Uncultured bacterium clone t16 16S ribosomal RNA gene,	98%	??	<u>GQ452891.1</u>
355-250-B10-1	Uncultured bacterium clone PC-PA9-43 16S ribosomal RNA gene,	92%	α-proteobacteria?	<u>EF379769.1</u>
355-250-D5-1	Thiotrophic endosymbiont of <i>Adipicola crypta</i>	95%	γ-proteobacteria	<u>EU683308.1</u>
355-250-G7-1	Thiotrophic endosymbiont of <i>Adipicola crypta</i>	92%	γ-proteobacteria	<u>EU683304.1</u>
355-250-H6-1	Thiotrophic endosymbiont of <i>Bathymodiolus puteoserpentis</i>	93%	γ-proteobacteria	<u>AM083985.1</u>
355-250-B6-1	Thiotrophic endosymbiont of <i>Idas</i> sp.	91%	γ-proteobacteria	<u>AM402957.1</u>
355-250-con10-2	Thiotrophic endosymbiont of <i>Idas</i> sp.	94%	γ-proteobacteria	<u>AM402957.1</u>
355-250-A3-1	Thiotrophic endosymbiont of <i>Idas</i> sp.	90%	γ-proteobacteria	<u>AM402957.1</u>
355-250-B7-1	Thiotrophic endosymbiont of <i>Idas</i> sp.	92%	γ-proteobacteria	<u>AM402957.1</u>
355-250-G2-1	Thiotrophic endosymbiont of <i>Idas</i> sp.	94%	γ-proteobacteria	<u>AM402957.1</u>
355-250-H3-1	Thiotrophic endosymbiont of <i>Idas</i> sp.	94%	γ-proteobacteria	<u>AM402957.1</u>
355-250-H51	Alpha proteobacterium clone PRTBB8589		α-proteobacteria	<u>HM799003.1</u>




Mynd 21. Dreifing örveruhópa í sjósýni 353-0m skvt. 16SrRNA klónagreiningu. Mynd A sýnir dreifingu baktería eftir flokkum en mynd B dreifingu eftir ættum.

Tafla 4. Tegundafjölbreytileiki baktería í sýni 353-0m. 76 klónar, 50 tegundir. Nýjar tegundir eru tilgreindar með bláum lit í skyldleika dálknum.

Sýni-fjöldi ^{a)}	Nánasti ættingi í GenBank	Skyldl. ^{b)}	Fylking	GenBank locus ^{c)}
353-0-H11-1	Alpha proteobacterium TI_chim_Sur55-1	84%	α-proteobacteria	<u>AB518773.1</u>
353-0-con3-3	Bacterial endosymbiont of Idas sp.	96%	γ-proteobacteria	<u>AM402959.1</u>
353-0-E12-1	Bacteroidetes bacterium GMD15A07	87%	Bacteroidetes	<u>AY162121.1</u>
353-0-G7-1	β- proteobacterium IMCC10438	97%	β-proteobacteria	<u>FJ532484.1</u>
353-0-G10-1	Candidatus Pelagibacter ubique HTCC1062,	89%	α-proteobacteria	<u>CP000084.1</u>
353-0-F3-1	Candidatus Pelagibacter ubique HTCC1062,	96%	α-proteobacteria	<u>CP000084.1</u>
353-0-A6-1	Candidatus Pelagibacter ubique HTCC1062,	96%	α-proteobacteria	<u>CP000084.1</u>
353-0-con5-4	Candidatus Pelagibacter ubique HTCC1062,	97%	α-proteobacteria	<u>CP000084.1</u>
353-0-F6-1	Delftia sp.	96%	β-proteobacteria	<u>CP000884.1</u>
353-0-B10-1	Delftia sp. IHB B 4037	88%	β-proteobacteria	<u>HM234001.1</u>
353-0-G12-1	Uncultured cyanobacterium, clone TAU-7-49	98%	Cyanobacteria	<u>AM259752.1</u>
353-0-H2-1	Escherichia coli DH1,	93%	γ-proteobacteria	<u>CP001637.1</u>
353-0-B5-1	Flavobacteria bacterium Yb011	92%	Flavobacteria	<u>AB496665.1</u>
353-0-H6-1	Flavobacteriaceae bacterium 14III/A01/012	93%	Bacteroidetes	<u>AY576695.1</u>
353-0-H12-1	Flavobacteriaceae bacterium G11A1	87%	Flavobacteria	<u>AY285940.1</u>
353-0-con8-2	Flavobacteriaceae bacterium TJD809	88%	Flavobacteria	<u>DQ993346.1</u>
353-0-G3-1	Flavobacteriaceae bacterium TJD810	90%	Flavobacteria	<u>DQ993346.1</u>
353-0-B8-1	γ- proteobacterium HTCC231	93%	γ-proteobacteria	<u>EF182722.1</u>
353-0-G6-1	γ- proteobacterium HTCC234	80%	γ-proteobacteria	<u>AY102028.1</u>
353-0-B2-1	γ- proteobacterium NEP2	92%	γ-proteobacteria	<u>AB212801.1</u>
353-0-D2-1	Loktanella sp. ZS6-12 1	97%	α-proteobacteria	<u>FJ196061.1</u>
353-0-G5-1	Octadecabacter sp. NF3-22	96%	α-proteobacteria	<u>FJ196058.1</u>
353-0-A9-1	Octadecabacter sp. ZS6-9 1	95%	α-proteobacteria	<u>FJ196062.1</u>
353-0-F4-1	Pelagibacter ubique strain HTCC1062	95%	α-proteobacteria	<u>AF510191.1</u>
353-0-C2-1	Phaeobacter sp. NH52F 1	95%	α-proteobacteria	<u>FJ232451.1</u>
353-0-D9-1	Polaribacter sp. NF3-11 1	94%	Flavobacteria	<u>FJ196052.1</u>
353-0-G11-1	Pseudomonas sp. 130	88%	γ-proteobacteria	<u>AM409194.1</u>
353-0-con14-2	Pseudomonas sp. DD1	96%	γ-proteobacteria	<u>HQ113379.1</u>
